

Reykjavík, 19. október 2020

Reykjavíkurborg  
Bt. Dags B. Eggertssonar borgarstjóra  
Ráðhús  
101 Reykjavík

**Uppbygging á fimleika- og danshúsi í Efra-Breiðholti**

Sæll Dagur.

Við hjá Leikni Reykjavík vildum með bréfi þessu fagna þeirri ákvörðun borgarráðs að umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar verði falið að gera tillögu að staðsetningu fimleika- og danshúss í Efra Breiðholti. Þá viljum við í stjórn Leiknis óska formlega eftir aðild að því máli með það fyrir augum að Leiknir Reykjavík taki við þessu húsi þegar það er risið og annist rekstur þess.

Leiknir Reykjavík er íþróttafélag Efra-Breiðholts og hafin er vinna við að styrkja enn stoðir þess sem hverfisfélag í þeim hluta Breiðholts. Hefur Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) verið gerð grein fyrir þeirri ætlan að Leiknir verði hverfisfélag og það ferli er hafið. Leiknir hefur þegar hafið stofnun fleiri íþróttadeilda félagsins og myndi fagna því að fimleika- og danshús myndi rísa í hverfinu undir merkjum Leiknis Reykjavíkur.

Við óskum því hér með formlega eftir aðkomu að þessu máli sem hverfisfélag í Efra-Breiðholti og væntum þess að eiga í góðu samstarfi og samtali við Reykjavíkurborg um málið. Fimleika- og danshús myndi falla vel að áformum félagsins að efla þjónustu fyrir börnin í hverfinu, enda hafa íbúar í Efra-Breiðholti margir hverjur kallað eftir því frá Leikni Reykjavík að félagið bjóði upp á fjölbreytt úrval af íþróttum í hverfinu.

Með bestu kveðjum,



Oscar Clausen, formaður Leiknis Reykjavík

*Afrit sent til borgarráðs, Íþróttta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar - ÍTR og Íþróttabandalags Reykjavíkur – ÍBR.*